

Mættir: Pálmi, Jóhannes, Þórunn Alda (fyrir Sigurð), Viktoría, Fjóla, Guðjóna, Lárus og Anton. Einnig sátu fundinn María Eir, Ásrún, Róbert bæjarstjóri, Nökkvi Már sviðsstjóri fræðslu og félagsmála og Ingvar formaður foreldrafélagsins.

1.) Staða mála í stjórnun skólans

Pálmi og Róbert fóru stuttlega yfir stöðu mála varðandi stjórnun skólans. Páll Leó Jónsson hefur látið af störfum og Pálmi Ingólfsson tekinn við sem skólastjóri. Frekari breytingar verða á stjórnendateyminu sem skýrast betur á næstu vikum.

Tíðir fundir hafa verið hjá stjórnendum skólans og bæjarstjóra ásamt sviðsstjóra fæðslu- og félagsmála.

2.) Foreldrafundur

Fyrirhugaður er fundur með foreldrum til að fara yfir áðurnefndar breytingar á stjórnun skólans o.fl. Róbert og Pálmi fóru yfir drög að skipulagi fundarins.

3.) Skipulag funda skólaráðs.

Ákveðið var að funda oftari en gert hefur verið til þessa eða a.m.k. einu sinni í mánuði. Annar miðvikudagur í hverjum mánuði kl. 17.30 var valinn sem fundartími skólaráðs það sem eftir lifir vetrar. Skólastjóri boðar til fundanna með hæfilegum fyrirvara. Í fundarboði eiga að koma fram drög að dagskrá.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 14. desember kl. 17.00

Fleira ekki rætt,
Pálmi Ingólfsson